ORKUSTOFNUN

# Drög að fjárhags- og verkefnaáætlun Orkustofnunar fyrir 1995

**Ólafur G. Flóvenz**
**Hákon Aðalsteinsson**
**Helgi Gunnarsson**

**Greinargerð ÓGF-HA-HG-94/08**

ORKUSTOFNUN
Stjórnsýsludeild

1994-11-03

Greinargerð
ÓGF-HA-HG-94/08

---

# DRÖG AÐ FJÁRHAGS- OG VERKEFNAÁÆTLUN ORKUSTOFNUNAR FYRIR 1995

Hér á eftir fylgja á töfluformi fyrstu drög að fjárhagsáætlun Orkustofnunar fyrir 1995. Þau eru unnin út úr fjárlagatillögum Orkustofnunar fyrir árið 1995 með hliðsjón af frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1995.

Þessi áætlun og skipting fjár og vinnu á einstök verkefni er ekki ákvörðun eða tillaga höfunda þessarar greinargerðar heldur er hún aðlögun fjárlagnatillagna OS fyrir 1995 að bókhalds- og áætlunarkerfi stofnunarinnar að teknu tilliti til fjárlagafrumvarpsins og ýmissa óhjákvæmlegra atriða.

Í frumvarpinu eru fjárveitingar til Orkustofnunar þær sömu og fjárlagatillögur stofnunarinnar fyrir óbreytta starfsemi gerðu ráð fyrir að frádregnum tæpum 2 Mkr sem launaliðurinn lækkar um. Í meðfylgjandi drögum að fjárhagsáætlun OS fyrir 1995 eru útgjöld SSD lækkuð sem þessu nemur á þeim forsendum að starfsmannastjóri OS hefur sagt upp störfum og ekki verði ráðið í hans stað. Endar eru þannig látnir ná saman í þessum drögum. Þrátt fyrir það eru nokkur atriði sem hyggja þarf að og taka tillit til við endanlega gerð fjárhagsáætlunarinnar. Þessi atriði eru:

1. 3 Mkr vatnar upp á kaupverð borholumælingabíls.
2. Kostnað við námsleyfi og staðgengil Halldórs Ármannssonar vantar.
3. Óvissa er um framlög til Jarðhitaskólans.
4. Tekjuáætlun er, eins og ávallt á þessum árstíma, nokkuð óviss. Hún er fremur talin vera bjartsýnis- en svartsýnisáætlun.

Ákvörðun hefur verið tekin um kaup á borholumælingabíl og var veitt til þess 6.1 Mkr í fjárhagsáætlun 1994. Upp á þá áætlun vantar 3 Mkr til að unnt sé að ganga frá kaupunum.

Til stendur að Halldór Ármannsson fari í endurmenntunarleyfi á árinu 1995. Í þessari áætlun vantar þann kostnað sem því fylgir ásamt kostnaði við staðgengil.

Í fjárlagafrumvarpinu eru framlög til Jarðhitaskólans ekki hækkuð sem nemur samdrætti í framlögum frá UNDP og sérfjaveitingu vegna rússnesks styrkþega á yfirstandandi ári. Það er hins vegar mat forstöðumanns Jarðhitaskólans að verulegar líkur séu á að framlög til skólans verði hækkuð sem þessu nemur áður en frumvarpið verður að lögum. Því er gert ráð fyrir sömu tekjum og útgjöldum vegna Jarðhitaskólans og í fjárlagatillögum OS. Gangi þetta ekki eftir þarf að endurskoða áætlunina með tilliti til þessa.

**Almennar forsendur áætlunarinnar eru sem hér segir:**

1. **Litið er á skiptingu fjár til einstakra verkefnaflokka í fjárlagatillögum OS sem stefnumótun Orkustofnunar** í því hvernig hún ætli að verja því fé sem fæst á árinu 1995. Því er stuðst við hana í megindráttum við gerð fjárhagsáætlunarinnar, einungis gerðar lítilsháttar breytingar á launa- og rekstrarliðum til samræmis við raunveruleikann. Þar er tekið mið af skuldbindingum sem gerðar hafa verið eftir að fjárlagatillögurnar voru fram settar. Þarna er átt við breytingar sem orðið hafa á launatöxtum einstakra starfsmanna og lagfæringar á einstaka rekstrarliðum, sem hafa verið of lágt áætlaðir að mati okkar. Þrátt fyrir þessar smálagfæringar er það skoðun okkar að flestir liðir áætlunarinnar, er varða rekstur og viðhald tækja, séu eins lágir og frekast er unnt að komast af með og

langt því frá að eðlilegu viðhaldi og endurnýjun tækja sé sinnt þegar til lengri tíma er litið.

2. **Launakostnaður** er áætlaður miðað við núverandi starfsmannafjölda með þeim breytingum sem fyrirsjáanlegar eru. Þannig er starfsmannstjóra sleppt en gert ráð fyrir starfi forstöðumanns Orkubúskapardeildar í áætluðum launagreiðslum vegna fastra starfsmanna. Í áætlunum vegna tímaráðins aðstoðarfólks er gert ráð fyrir manni í fullu starfi á efnafræðistofu í stað Sigurleifs Tómassonar, sem hætti í fyrra. Gengið er út frá sama yfirvinnuhlutfall og í samþykktum fjárhags- og verkefnaáætlunum OS fyrir 1994. Skipting milli fastrar yfirvinnu og skráðrar er eins og hún var ákveðin í sömu áætlunum. Launaflokkar og launaþrep einstakra starfsmanna eru eins og þau eru í nóvember 1994.

3. **Önnur gjöld** og sértekjur eru á janúarverðlagi 1994 en frumvarp til fjárlaga er á áætluðu meðalverðlagi 1995. Þarna skeikar um 2% þannig að á föstu verðlagi eru tölurnar í fjárlagafrumvarpinu sem þessu nemur lægri en fjárlagatillögur OS.

4. **Við umreikning á launakostnaði skv. fjárlagatillögum OS yfir í vinnustundir** er notaður meðallaunakostnaður hverrar aðaldeildar (JHD, VOD, SSD, OBD) og honum deilt í þá tölu sem tiltekin er í fjárlagatillögum OS til viðkomandi verkefnisflokks. Hér ber þó að athuga að sumar þessarra talna varð að lækka nokkuð til að vega upp á móti því sem vanáætlað var til reksturs í fjárlagatillögunum. Í þeim lækkunum var horft nokkuð til áætlana yfirstandandi árs.

   Meðallaunakostnaður á klukkustund fyrir hverja aðaldeild er þannig fundin að deilt er í heildarlaunakostnað hverrar deildar með fjölda virkra vinnustunda, þ.e. áætluðu orlofi, veikindum og persónulegum tíma er sleppt. Óvirki tíminn er hins vegar meðtalinn í launakostnaði.

   Fyrir JHD er þessi meðalkostnaður reiknaður sér fyrir fasta starfsmenn og sumarmenn en á öðrum deildum er notast við meðallaunakostnað allra starfsmanna. Þetta hefur engin áhrif á heildarniðurstöður en skekkir aðeins samanburð á kostnaði einstakra verkefna milli deilda.

5. Í dálkum sem heita "Húsn., stjórn, þjónusta" er kostnaði við stjórnun og rekstur, bæði á SSD og eintökum deildum fluttur af rekstrarliðum yfir á verkefni. Tilgangurinn er að sýna sem næst raunverulegan kostnað við einstaka verkefnaflokka. Þetta er gert á eftirfarandi hátt.

   a) Tekinn er áætlaður heildarkostnaður við rekstur SSD (u.þ.b. 82 Mkr) að frádregnum áætluðum kostnaði við embættisstörf orkumálastjóra fyrir ráðuneytið (u.þ.b. 8 Mkr) og þeirri tölu skipt niður á hinar deildirnar í hlutfalli við vinnustundafjölda. Þannig fæst hlutdeild VOD, JHD og OBD í rekstri SSD. Í hlutdeildartölu hverrar deildar er síðan deilt með heildarfjölda virkra vinnustunda í þeim verkefnum viðkomandi deildar, sem ekki falla undir stjórnun og rekstur (vnr. 3xx-xxx). Þessi tala er 566 kr/kls á JHD, 542 kr/kls á VOD og 492 á OBD. Mismunurinn stafar af mismiklum áætluðum tíma í stjórnun og rekstur á deildunum þremur.

   b) Tekin er allur kostnaður við stjórnun og rekstur á einstökum deildum (nr 3xx-xxx) og deilt í þá tölu með heildarfjölda virkra vinnustunda í öðrum verkefnum á viðkomandi deild (vnr 4xx-xxx - 7xx-xxx). Þannig fæst hlutdeild hvers verkefnis í kostnaði við stjórnun og rekstur deildanna. Á JHD er þessi tala á ætluð 373 kr/kls, á VOD er hún 200 kr/kls en 71 kr/kls á OBD.

   c) Stjórnunar- og rekstrarkostnaður á hverja vinnustund skv. liðum a) og b) er lagður saman og fæst þannig heildarkostnaður vegna stjórnunar og reksturs á viðkomandi deild. Fyrir JHD er þessi tala 939 kr/kls en á VOD 742 kr/kls.

d) Talan sem fæst í c-lið er nú margfölduð með vinnutímum í einstökum verkefnaflokkum OS og fæst þá hlutdeild hvers verkefnaflokks í rekstri og stjórnun. Þetta er talan sem færð er í liðinn "Húsn., stjórn, þjónusta". Jafnframt kemur neikvæð tala í þennan dálk á öllum stjórnunar og rekstrarliðum sem deilt er út á verkefnin þannig að heildarsumma þessa dálks yfir OS í heild verður núll.

6. **Í dálknum "Tæki og stofur" er kostnaði við tæki og aðra þjónustu dreift á aðra verkefnaflokka (vnr. 5xx-xxx - 7xx-xxx).** Gert er ráð fyrir að tækjarekstur og seld þjónusta standi undir sér á VOD en sé rekin með 3,6 Mkr halla á JHD. Þetta er nokkru minni halli en fram kemur í fjárlagatillögum OS.

   Hér er rétt að gæta að þótt tækjanotkun í ríkisverkum kynni að minnka, leiðir það ekki til samsvarandi lækkunar kostnaðar við tækin sem aftur leiðir til taps á tækjarekstri.

7. **Aftasti liðurinn í töflunum "Mismunur" segir til um hvernig ríkisfjárveitingunni er skipt** milli einstakra verkefnaflokka. Neikvæð tala þýðir að viðkomandi verkefni skilar stofnuninni arði.

8. **Verkefnaflèttan er afstemmd í tíma,** þannig að öllum áætluðum vinnutíma einstakra deilda og undirdeilda er skipt milli verkefna. Þannig er samræmi milli launakostnaðar og vinnutíma. Skipting verkefna á hinar ýmsu deildir og undirdeildir er hins vegar marklítil á þessu stigi málsins og verður svo þar til gerðar hafa verið áætlanir um einstök verkefni og mönnun þeirra. Við skiptingu vinnutíma milli verkefna verður óhjákvæmilega að taka tillit samsetningar þess mannafla sem fyrir hendi er.

**Aukið umfang og sérverkefni:**
Í fjárlagafrumvarpinu er engin fjárveiting til verkefna sem talin voru undir liðnum "aukið umfang" í fjárlagatillögunum. Þau verkefni eru því ekki höfð með inni í þessum drögum, þótt óhjákvæmilega verði að skoða hvort það sé raunsætt. Til dæmis var þar gert ráð fyrir þeim 3 Mkr, sem vantar upp á endurnýjunarverð mælingabíls til borholumælinga. Þau útgjöld eru ekki með í þessum drögum en verður að setja inn á síðari stigum áætlunargerðarinnar.

**Ábendingar um framhald**
Næstu skref við gerð fjárhags- og verkáætlunar í felast að okkar mati í eftirfarandi þáttum:

- Ákveða hvernig mæta eigi þeim útgjöldum, sem vantalin eru í þessum drögum að fjárhagsáætlun.
- Endurmeta þarf tekjuáætlun OS og reyna að gera hana sem raunhæfasta
- Leita leiða til að auka tekjur OS t.d. með aukinni hlutdeild orkufyrirtækja í rannsóknum, þjónustu við aðila utan orkugeirans og umsóknum til rannsóknarsjóða innan lands og utan.
- Ákveða hvort breyta eigi á einhvern hátt þeirri stefnumörkun sem gerð var með fjárlagatillögunum fyrir 1995 og ákveða í framhaldi af því framlag til einstakra verkefnaflokka og verkefna
- Þegar jafnvægi hefur verið náð milli gjalda og tekna þarf að raða verkefnum niður á starfsmenn OS. Við þá niðurröðun munu óhjákvæmilega koma upp vandamál sem leiða munu til einhverra breytinga á framlögum til einstakra verkefna.

Við mælumst til að þessari framhaldsvinnu verði hraðað sem mest þannig að áætlanir verði tilbúnar um áramót. Verði gengið rösklega til verks ætti nothæf fjárhags- og verkáætlun að geta litið dagsins ljós í desember. Hana kann svo að þurfa að endurskoða í febrúar þegar uppgjör ársins 1994 liggur fyrir.

ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

24.10.1994

Minnisblað
HA-94/03
300.305

# Verkefnaáætlun VOD 1995, 1. drög

Hér fara á eftir skýringar við endurskoðun á fjárlagatillögum VOD fyrir 1995, sem gætu orðið grunnur að ákvörðun um verkefni fyrir árið. Meðfylgjandi eru tvær töflur, sú fyrri er hér til umræðu, en sú síðari er úr fjárlagatillögum OS fyrir 1995. Heildarramminn er ákveðinn sá sami og fyrir óbreytta starfsemi í fjárlagatillögum. Skekkja reyndist vera í útreikningum á launum til hækkunar, sem var veginn upp af lækkun rekstrargjalda að óbreyttu í stofnkostnað. Nákvæm skipting vinnutíma á verkefni er ekki til umræðu á þessu stigi, heldur eingöngu annar kostnaður.

1-3. Fyrstu þrír liðirnir þarfnast í sjálfu sér ekki skýringar, nema hvað að breytt er svolítið út frá framsetningu í fjárlagatillögum. Þar var reynt að fara svolítið bil beggja varðandi annars vegar viðleitni til að flokka verkefni og útgjöld eftir eðli þeirra, og hins vegar að reka saman sem mest af útgjöldum Vatnamælinga á einn bás. Þetta veldur ruglingi og skekkir samanburð á rekstri í yfirstjórn VOD. Því er reksturskostnaður í stjórn Vatnamælinga færður til reksturs deildar.

4. **Þjónusta við verkefni** felst í rekstri bifreiða, snjósleða og fjórhjóla. Endurnýjunar er sem stendur fyrst og fremst þörf í snjósleðum.

5. Til reksturs og viðhalds **grunnkerfis vatnamælinga** er varið svipaðri upphæð og gert var ráð fyrir í fjárlagatillögum, þegar tekið er tillit til reksturs deildarinnar, sem er fært á 2. lið (Rekstur). Þessar tölur eru heldur lægri (um 1 Mkr) en í uppgjöri fyrir 1993.

6. **Átak í vatnsorkurannsóknum:**

   Vegna **Hraunavirkjunar** þarf að ljúka jarðfræðiyfirliti á gangaleiðum vestan Hamarsár; um **0,7 Mkr**, umhverfisrannsóknum, þ.e. úrvinnslu úr yfirlitskönnun á virkjunarsvæðinu; um **0,5 Mkr**, og tölvutaka staðfræðikort, um **2,0 Mkr** (sjá minnisblað HP-94/2).

   Vegna virkjunar **A-Jökulsár í Skagafirði** er gert ráð fyrir að fylla í eyður vegna yfirlitsjarðfræði á gangaleið frá Austurbug að Merkigili; um **0,1 Mkr.**

   **Austurlandsvirkjun:** Það er álitamál hve mikið Orkustofnun á að leggja af mörkum vegna þróunar virkjunarhugmynda norðan Vatnajökuls. Við höfum litið svo á að okkar þætti í grunnrannsóknum vegna virkjunar Jökulsár á Brú væri lokið, en ennþá væri ólokið yfirlitsjarðfræði Fjallgarða vegna veitu Jökulsár á Fjöllum, og til þess yrði varið tæpum **0,2 Mkr.** Tekjuöflun vegna átaks felst í tvennu; jarðfræðirannsóknum vegna hönnunar og tölvutekt jarðfræðikorta. Vegna virkjunar í Jökulsá á Brú yrði byrjað á berggrunnskorti. Útgjöld eru áætluð um **0.6 Mkr.**

   Reiknað er með því að tölvutaka berggrunnskort á **Þjórsársvæði (Hágöngur)** vegna hönnunar svonefnds Hágöngulóns, um **0,4 Mkr.**

   Það er skoðun okkar að skynsamlegasta nýting **jökulvatns Skaftár** felist í veitu vestari kvísla til Tungnaár og þeim austari e.t.v. til Hverfisfljóts í stað þess að reyna að finna þeim virkjunarstað milli Kamba og Kálfasléttu (þar sem hægt er að veita úr Skaftá vegna virkjun-

ar með Hólmsá og Tungufljóti). Í þessu skyni þarf að skoða jarðfræði á gangaleið um Tungnaárfjöll, um **0,1 Mkr.**

7. Í **átaki Vatnamælinga** felast samanburðarmælingar á **þverám A-Jökulsár af Nýjabæjarfjalli**, um **0,8 Mkr**, og rekstur hálendismæla á **Hraunum**, um **1,2 Mkr.**

8. Í yfirlitsrannsóknum vegna virkjana er gert ráð fyrir smávægilegum útgjöldum, og er stærsti liðurinn skoðun nýrra virkjunarsvæða, og er reiknað með að yfirlíta aðstæður á NA-horni landsins.

   Í því átaki sem gert var fyrir iðnaðarráðuneytið á árinu, og í forathugunum seinustu ára hafa komið til ýmis gögn sem þarf að koma skipulagi á í virkjunarbanka, sem enn er mjög ófullkominn, svo ekki sé meira sagt. Við teljum að nauðsynlegt sé að reyna að ljúka sem fyrst hönnun virkjunarbankans áður en safnað er meira af gögnum, sem hætta er á að týnist þegar frá líður. Það eina sem áætlað er að vinna í **rannsóknum einstakra virkjunarstaða** er lausleg forathugun virkjunar ofan Urriðafoss í Þjórsá og að yfirlíta virkjunarmöguleika á vatnasviði Kúðafljóts; um **0,1 Mkr.**

9-11 og 13-15. Um það sem enn er ótalið er ekki talin þörf á skýringum á útgjöldum til **þróunar, fræðslu og ráðgjafar, alþjóðasamvinnu og vegna þjónustuverkefna.**

12. Við gagnasöfn er áætlað að kaupa að 6 mánaða sérfræðiþjónustu (tímaráðning verkfræðings) til að vinna að hönnun virkjunarbankans með HP, og kaupa á forriti; um **1,3 Mkr.** Samkvæmt samningi við Landsvirkjun um gagnagrunn fyrir vatnagögn verða um **2,5 Mkr** útgjöld hans vegna. Þá er ótalið að bæta þarf við tveimur leyfum í GIS-vinnslu, sem skv. samningi við umboðsaðila kostar um 0,8 Mkr (**0,4 Mkr** á hvora deild).

Svo knappt er skammtað á útgjaldaliði aðra en þá er varða forgangsverkefnin að ekki verður gengið öllu lengra. Til átaks í vatnsorkurannsóknum verður samkvæmt þessari áætlun varið um **4,5 Mkr.** Þær fjárhæðir sem skipt er á einstaka verkþætti sem talið er að þurfi að vinna á næsta ári eru almennt mjög knappar. Vatnsorkudeild telur að ekki verði hjá því komist að tölvutaka eldri kort í mælikvarða 1:20.000 til þess að hægt sé að nýta nútímatækni við úrvinnslu gagna og framsetningu á niðurstöðum. Á næstu árum verði varið einhverri upphæð (2 Mkr/ári); næsta ár á Hraunum, 1996 í Skagafirði, þá kemur að því að gera kort af Skjálfandafljótssvæðinu, sem gæti tekið nokkur ár. o.s.frv.

Í **tekjuáætlun** er gert ráð fyrir alls **34 Mkr**, en sú tala er fengin með því að framlengja reynslu fyrri ára, vissu um verkefni og/eða mat á framvindu tiltekinna verkefna, og þeirri von að Landsvirkjun taki á ný upp samstarf um frágang jarðfræðikorta og -kortagerð, og að verkefni fáist í tengslum við hönnun mannvirkja.

Ekki er von til þess að Landsvirkjun afgreiði áætlun um virkjunarrannsóknir fyrr en nærri áramótum, þannig að endanleg tekjuáætlun getur ekki legið fyrir að sinni. Auk hugmynda um tölvutekt jarðfræðikorta gætu orðið breytt skil milli ábyrgðar Landsvirkjunar og Orkustofnunar á nokkrum mælum sem nú eru reknir af vatnamælingum. Það mun hins vegar hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir vatnamælingar, og breytir trúlega litlu fyrir þessa áætlun.

Fjárhags- og verkefnaáætlun 1995
Fyrstu drög, unnið úr fjárlagatillögum
1994.11.01 HG/HA/ÓGF
/os/eva/sk/hg/fjarh-verk.os95

# ORKUSTOFNUN

| DEILD | | KOSTNAÐUR | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vinnu-tími | Launa-gjöld | Önnur gjöld | Eigna-kaup | Beinn kostn. samt. | Húsn.stjórn þjónusta | Tæki og stofur | Heildar-kostn.kkr. | Sér-tekjur | Mism. |
| Stjórnsýsludeid | 45.522 | 42.601 | 37.513 | 1.945 | 82.059 | - 70.622 | 0 | 11.437 | 3.437 | 8.000 |
| Vatnsorkudeild | 54.368 | 63.113 | 38.329 | 5.490 | 106.932 | + 27.128 | 0 | 134.060 | 34.070 | 99.990 |
| Jarðhitadeild | 83.859 | 102.278 | 43.399 | 5.800 | 151.477 | + 40.087 | 0 | 191.564 | 110.350 | 81.214 |
| Orkubúskapardeild | 7.081 | 7.804 | 2.479 | 361 | 10.644 | + 3.407 | 0 | 14.051 | 0 | 14.051 |
| Samtals: | 190.830 | 215.796 | 121.720 | 13.596 | 351.112 | 0 | 0 | 351.112 | 147.857 | 203.255 |
| Fjárlagatillögur OS. | | 217.300 | 122.622 | 13.435 | 353.357 | 0 | 0 | 353.357 | 147.850 | 205.500 |
| Fjárlagafrumvarp | | 215.300 | 122.800 | 13.400 | 351.500 | | | | 147.900 | 203.600 |

Fjárhags- og verkefnaáætlun 1995
1994.11.01 HA/HG
/os/eva/sk/hg/fjarh-verk.ssd95

# STJÓRNSÝSLUDEILD

| VERKHEITI | | VINNUSTUNDIR | | | | | | | | | | | | | | KOSTNAÐUR | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Verk númer | SK | FM | SH | RK | ÞJ | Tíma t.ráðið | TS | BS | ÚG | HÚ | MS | | Aðrar deildir | Vinnust. alls | Launa- gjöld | Önnur gjöld | Eigna kaup | Beinn kostn.alls | Húsn.stjórn þjónusta | Tæki og stofur | Heildar- kostn.kkr. | Sér tekjur | Mis- munur |
| Yfirstjórn | 300 000/900 | 964 | 100 | | | | | | | | | | | | 1.064 | 996 | 700 | | 1.696 | + 627 | | 2.323 | | 2.323 |
| Stjórnun (fjármál) | 3X0 000/3XX | 1.000 | 1.000 | 100 | | | | | | | | | | | 2.100 | 1.965 | 1.000 | | 2.965 | + 1.255 | | 4.220 | 137 | 4.083 |
| Endurm./starfsfólk | 3x0 001-149 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Rekstur/starfsm. | 3x0 2XX | 3.079 | 2.687 | 1.925 | 725 | | | 1.617 | | 1.327 | 18 | | | | 11.378 | 10.648 | 300 | | 10.948 | - 10.148 | | 800 | 800 | 0 |
| Þjónusta | 3x0 | | 300 | | 4.148 | 4.094 | 500 | | | 68 | 2.200 | | | | 11.310 | 10.584 | 10.799 | 1.945 | 23.328 | - 23.328 | | 0 | | 0 |
| Húsnæði | | | | | | | | | | | 6.336 | | | | 6.336 | 5.929 | 17.500 | | 23.429 | - 23.429 | | 0 | | 0 |
| Mötuneyti | | | 287 | | | | | | | | | 2.948 | | | 3.235 | 3.027 | 4.600 | | 7.627 | - 5.427 | | 2.200 | 2.200 | 0 |
| Bókasafnsþjónusta | | | | | | | | | 3.308 | | | | | | 3.308 | 3.096 | 1.614 | | 4.710 | - 4.410 | | 300 | 300 | 0 |
| Fræðsla/ráðgjöf | 570 | 184 | | | | | | | | | | | | | 184 | 173 | 0 | | 173 | + 92 | | 265 | | 265 |
| Erlend samskipti | 590 | 229 | | | | | | | | | | | | | 229 | 214 | 1.000 | | 1.214 | + 115 | | 1.329 | | 1.329 |
| SSD fyrir aðrar d. | | 9 | | | 391 | | | 4.923 | | 573 | 482 | | | | 6.378 | 5.969 | 0 | | 5.969 | - 5.969 | | | | 0 |
| Samtals | | 5.465 | 4.374 | 2.025 | 5.264 | 4.094 | 500 | 6.540 | 3.308 | 1.968 | 9.036 | 2.948 | | | 45.522 | 42.601 | 37.513 | 1.945 | 82.059 | - 70.622 | | 11.437 | 3.437 | 8.000 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Fjárlagatillögur OS | | 5.465 | 4.374 | 4.250 | 5.264 | 4.094 | 500 | 6.540 | 3.308 | 1.968 | 9.036 | 2.948 | | | 47.747 | 44.913 | 37.513 | 1.945 | 84.371 | - 74.882 | 0 | 9.489 | 3.437 | 6.052 |

Fjárhags- og verkefnaáætlun 1995
1994.11.04 HA/HG
/os/eva/sk/hg/toflur/fjarh-verk.vod95

# VATNSORKUDEILD

| VERKHEITI (Fjárlagatillögur) | Verk númer | VINNUSTUNDIR SK | VM | VM t.ráðið | LM | LM t.ráðið | MJ | JK | UR | VV | | Aðrar deildir | Vinnust. alls | KOSTNAÐUR Launa-gjöld | önnur gjöld | Eigna-kaup | Beinn kostn. samtals | Húsn.stj. þjónusta | Tæki og stofur | Heildar-kostn.kkr. | Sér-tekjur | Mis-munur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnun (1) | 3X0 000/3XX | 600 | 100 | | 40 | | 50 | 300 | 500 | 60 | | | 1.650 | 1.915 | | | 1.915 | - 1.915 | | | | 0 |
| Endurm./starfsfólk (2) | 3x0 001-149 | 80 | 34 | | 60 | | 180 | 240 | 100 | 40 | | | 734 | 852 | 220 | | 1.072 | - 1.072 | | | | 0 |
| Rekstur (3) | 3x0 2XX | 100 | 868 | | 120 | | 300 | 300 | 60 | 220 | | | 1.968 | 2.285 | 5.460 | 900 | 8.645 | - 7.005 | | 1.640 | 1.640 | 0 |
| Þjónusta við verk (4) | 4xx | | 225 | | 60 | | 160 | | | | | | 445 | 517 | 7.500 | 1.830 | 9.847 | 330 | - 10.177 | | | 0 |
| Yfirlitsrannsóknir (8) | 510 | 143 | 60 | | | | | 100 | 200 | 300 | | | 803 | 932 | 240 | | 1.172 | 596 | | 1.768 | | 1.768 |
| Virkjanar. einstakra st. (9) | 520 | 300 | 240 | | | | | 500 | 286 | 303 | | | 1.629 | 1.891 | 100 | | 1.991 | 1.209 | | 3.200 | | 3.200 |
| Þróunarverkefni (10) | 53x | 220 | 640 | | 316 | | 340 | 810 | 60 | 300 | | | 2.686 | 3.118 | 980 | | 4.098 | 1.993 | | 6.091 | | 6.091 |
| Vatnamælingar (5) | 54x | 60 | 12.802 | 2.345 | 290 | | 440 | 340 | 636 | 120 | | | 17.033 | 19.773 | 8.385 | 2.360 | 30.518 | 12.645 | 6.500 | 49.663 | | 49.663 |
| Fræðsla - ráðgjöf (11) | 57x | 80 | 180 | | 40 | | 100 | 480 | 90 | 118 | | | 1.088 | 1.263 | 150 | | 1.413 | 807 | | 2.220 | | 2.220 |
| Gagnasafn (12) | 58x | | 1.300 | | 803 | | 100 | 460 | | | | | 2.663 | 3.091 | 3.830 | 400 | 7.321 | 1.976 | | 9.297 | | 9.297 |
| Alþjóðasamvinna (13) | 59x | 100 | 280 | | | | | 60 | | | | | 440 | 511 | 1.420 | | 1.931 | 327 | | 2.258 | 200 | 2.058 |
| Söluverk alm. (14) | 6xx | | | | 81 | | 766 | 2.667 | | | | | 3.514 | 4.079 | 1.030 | | 5.109 | 2.608 | 277 | 7.944 | 8.060 | - 66 |
| Söluverk VM (14) | 64X | | 1.313 | 150 | | | | | | | | | 1.463 | 1.698 | 300 | | 1.998 | 1.086 | 300 | 3.384 | 3.612 | - 228 |
| Átaksverk í vatnso. (6) | 720 | 400 | 300 | | 30 | | 1.280 | 3.640 | 920 | 780 | | | 7.350 | 8.532 | 4.524 | | 13.056 | 5.455 | 600 | 19.111 | 2.600 | 16.511 |
| GPS Landsnet | 730.901 | | | | 1.340 | | | | | | | | 1.340 | 1.556 | | | 1.556 | 995 | | 2.551 | 1.900 | 651 |
| Átaksv. hlutur VM (15) | 740 | | 1.500 | 400 | | | | | | | | | 1.900 | 2.206 | 1.990 | | 4.196 | 1.410 | 1.100 | 6.706 | 500 | 6.206 |
| Samstarfsv. VM (13) | 74x | | 3.802 | 1.400 | | | 200 | | 852 | | | | 6.254 | 7.260 | 2.200 | | 9.460 | 4.638 | 1.400 | 15.527 | 15.558 | - 31 |
| VOD fyrir aðrar deildir | | | | | 822 | | | 586 | | | | | 1.408 | 1.634 | | | 1.634 | 1.045 | | 2.649 | | 2.649 |
| SAMTALS | | 2.083 | 23.644 | 4.295 | 4.002 | | 3.916 | 10.483 | 3.704 | 2.241 | | | 54.368 | 63.113 | 38.330 | 5.490 | 106.933 | 27.128 | 0 | 134.060 | 34.070 | 99.990 |
| Fjárlagatillögur OS | | 2.083 | 23.400 | 4.046 | 4.002 | | 3.916 | 10.483 | 3.704 | 2.241 | | | 53.875 | 62.523 | 38.919 | 5.490 | 106.932 | 27.160 | 0 | 134.092 | 34.070 | 100.022 |

Fjárhags- og verkefnaáætlun 1995
1994.11.04 HG/ÓGF (unnið úr fjárlagatil. GP 94.05.04)
(os/eva/sk/hg/fjarh-verk.jhd95)

# JARÐHITADEILD

| VERKHEITI (Fjárlagatillögur) | Verk númer | VINNUSTUNDIR | | | | | | | | | | | | | | KOSTNAÐUR | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | SAM | JFR | JFR t.ráðið | JEL | JEL t.ráðið | FFR | FFR t.ráðið | JEF | JEF t.ráðið | VFR | VFR t.ráðið | JHS | Aðrar deildir | Vinnust. alls | Launa-gjöld | Önnur gjöld | Eigna-kaup | Beinn kostn. samt. | Húsn.stjórn þjónusta | Tæki og stofur | Heildar-kostn. kkr. | Sér-tekjur | Mis-munur |
| Stjórnun JHD (1) | 3x0 000 | 1.270 | 50 | | 200 | | 50 | | 50 | | 50 | | | | 1.670 | 2.096 | | | 2.096 | - 2.096 | | 0 | | 0 |
| Endurmenntun/starfsf. (2) | 3x0 001-149 | 336 | 800 | | 340 | | 864 | | 650 | | 343 | | 192 | | 3.525 | 4.425 | 2.796 | | 7.221 | - 7.221 | | 0 | | 0 |
| Rekstur (3) | 3x0 2xx, 3xx | 3.000 | 800 | | 1.740 | | 1.060 | | 900 | | 350 | | | | 7.850 | 9.855 | 6.773 | 500 | 17.128 | - 17.128 | | 0 | | 0 |
| Þjónusta við verk (4) | 4xx | | 100 | | 700 | | 2.400 | | 2.100 | 1.900 | 400 | | | | 7.600 | 8.566 | 3.830 | 2.800 | 15.196 | 7.140 | - 18.724 | 3.613 | | 3.613 |
| Jarðhitaskólinn (17) | 520 | | 475 | | 300 | | 2.387 | | 700 | | 550 | | 5.266 | 100 | 9.778 | 12.274 | 16.600 | 600 | 29.474 | 9.187 | | 38.661 | 37.500 | 1.162 |
| Hafsbotnsath./orkul.haf. (18) | 503 | 50 | | | 1.935 | | | | | | | | | | 1.985 | 2.492 | 1.000 | | 3.492 | 1.865 | | 5.357 | 4.000 | 1.357 |
| Yfirlitsrannsóknir orkulinda (10) | 510 | | 800 | | 300 | | 500 | | 150 | | 50 | | | | 1.800 | 2.260 | 300 | 200 | 2.760 | 1.691 | 100 | 4.551 | | 4.551 |
| Virkjanarannsóknir jarðhita | 520 | | | | 460 | 500 | | | | | | | | | 960 | 949 | 150 | | 1.099 | 902 | | 2.001 | | 2.001 |
| Þróunarverk (8) | 530 | | 160 | | 1.147 | 100 | 1.260 | 100 | 1.261 | | 200 | | | | 4.228 | 5.205 | 400 | 600 | 6.205 | 3.972 | 500 | 10.677 | | 10.677 |
| Jarðiti í orkubúskap (11) | 550 | | | | | | 300 | | | | 913 | | | | 1.213 | 1.522 | 200 | | 1.722 | 1.140 | | 2.862 | | 2.862 |
| Jarðhitanotkun (12) | 560 | 150 | | | | | | | 60 | | 708 | | 30 | | 948 | 1.190 | 300 | | 1.490 | 891 | | 2.381 | | 2.381 |
| Fræðsla ráðgjöf (13) | 570 | 295 | 418 | | 200 | | 270 | | 140 | | 260 | | | 80 | 1.663 | 2.088 | 100 | | 2.188 | 1.562 | | 3.750 | | 3.750 |
| Opinbert eft. gagnav. (9) | 580 | 100 | 816 | | 160 | 50 | 1.544 | 345 | 831 | | 376 | 289 | | 820 | 5.331 | 6.341 | 300 | 800 | 7.441 | 5.008 | | 12.450 | | 12.450 |
| Alþjóðasamvinna (15) | 590 | 709 | 40 | | 200 | | 230 | | 290 | | 140 | | | | 1.609 | 2.020 | 1.900 | | 3.920 | 1.512 | | 5.432 | | 5.432 |
| Jarðhitaráðstefna í Flórens (14) | 590 | 120 | 60 | | 60 | | 120 | | 60 | | 60 | | 60 | | 540 | 678 | 2.100 | | 2.778 | 507 | | 3.285 | | 3.285 |
| Söluverk (19) | 6xx | 515 | 2.555 | | 1.550 | 286 | 4.550 | | 1.400 | | 975 | | | 500 | 12.331 | 15.333 | 2.450 | | 17.783 | 11.585 | 12.000 | 41.368 | 46.300 | - 4.932 |
| Raforka úr jarðh. (5) | 720 | 50 | 2.107 | 600 | 2.907 | 330 | 3.280 | 305 | 400 | | 145 | | | | 10.124 | 12.076 | 1.850 | | 13.925 | 9.512 | 1.500 | 24.938 | 4.500 | 20.438 |
| Uhv.áhrif jarðhita (7) | 760 | 200 | 323 | | 228 | 334 | 200 | | 1.700 | 500 | 270 | | | | 3.755 | 4.286 | 1.000 | 300 | 5.586 | 3.528 | 2.000 | 11.114 | 5.000 | 6.114 |
| Ýmis samvinnuv. (16) | 7xx | 80 | 890 | | 50 | | 638 | | 346 | | 50 | | | | 2.054 | 2.578 | 1.100 | | 3.678 | 1.930 | 424 | 6.032 | 3.200 | 2.832 |
| Óviss sölu/samvinnuverk (20) | | | 795 | | 1.100 | 100 | 500 | | 700 | 100 | | | | 500 | 3.895 | 4.787 | 250 | | 5.037 | 3.660 | 1.500 | 10.197 | 9.850 | 347 |
| JHD fyrir aðrar deildir | | | 1.200 | | 500 | | 100 | | 200 | | 100 | | | | (2.000) | (2.511) | | | (2.511) | (1.879) | 700 | 700 | | 700 |
| Úrvinnsla mælinga Öxarf. (20) | | | | | 1.000 | | | | | | | | | | 1.000 | 1.255 | | | 1.255 | 939 | | 2.195 | | 2.195 |
| Óráðstafað | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Samtals | | 6.875 | 12.389 | 600 | 15.077 | 1.700 | 20.253 | 750 | 11.938 | 2.500 | 5.940 | 289 | 5.548 | (2.000) | 83.859 | 102.278 | 43.399 | 5.800 | 151.477 | 40.087 | 0 | 191.564 | 110.350 | 81.214 |
| Fjárlagatillögur OS | | 6.875 | 12.389 | 600 | 15.077 | 2.500 | 20.253 | 500 | 11.938 | 1.700 | 5.940 | | 5.548 | | 83.320 | 102.060 | 43.550 | 5.800 | 151.410 | 44.330 | 0 | 195.740 | 110.350 | 85.390 |

Fjárhags- og verkefnaáætlun 1995
1994.11.01 HG
/os/eva/sk/hg/toflur/fjarh-verk.obd95

# ORKUBÚSKAPARDEILD

| VERKHEITI | | | | KOSTNAÐUR | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Verk-númer | Aðrar deildir | Vinnust alls | Launa-gjöld | önnur gjöld | Eigna-kaup | Bein kostn. alls | Húsn.stjórn þjónusta | Tæki og stofur | Heildar-kostn.kkr. | Sér-tekjur | Mis-munur |
| Stjórnun | 3x0 000/3xx | | 50 | 56 | | | 56 | - 56 | | 0 | | 0 |
| Endurm./starfsf. | 380 001-149 | | 20 | 22 | | | 22 | - 22 | | 0 | | 0 |
| Rekstur | 3x0 2xx | | 74 | 12 | 200 | 200 | 412 | - 412 | | 0 | | 0 |
| Þróunarverk | 53x | | 51 | 57 | | | 57 | 28 | | 85 | | 85 |
| Orkubúskapur | 550 | | 1.823 | 2.020 | 1.516 | 161 | 3.697 | 1.067 | | 4.764 | | 4.764 |
| Fræðsla og ráðgjöf | 570 | | 1.017 | 1.132 | 80 | | 1.212 | 563 | | 1.775 | | 1.775 |
| Gagnavarsla | 580 | | 3.363 | 3.745 | 603 | | 4.348 | 1.861 | | 6.209 | | 6.209 |
| Alþjóða samvinna | 590 | | 683 | 760 | 80 | | 840 | 378 | | 1.218 | | 1.218 |
| OBD fyrir aðra | | | | | | | | | | | | |
| Samtals | | | 7.081 | 7.804 | 2.479 | 361 | 10.644 | 3.407 | 0 | 14.051 | 0 | 14.051 |
| Fjárlagatillögur OS | | | 7.081 | 7.804 | 2.640 | 200 | 10.644 | 3.392 | 0 | 14.036 | 0 | 14.036 |